

Alþingi  
Erindi nr. P 130/709  
komudagur 6.1.2004



## FELAG BYGGINGAFULLTRÚA

Umhverfisnefnd Alþingis  
Bt. Eva Margrét Ævarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Porlákshöfn 02.01.2004.

**Varðar umsögn um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál, matsferli, málskotsrétt o.fl., og skipulags- og byggingarlög, 302. mál, úrskurðarnefnd og framkvæmdaleyfi.**

Fulltrúar Félags byggingarfulltrúa hafa yfirfarið ofangreind frumvörp til laga sem Umhverfisnefnd Alþingis sendi félaginu til umsagnar þann 24. nóvember 2003.

**Um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

Félagið bendir á nauðsyn viðbóta í 2. grein breytinganna þar sem talað er um skipun í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, eins aðila sem lokið hefur háskólaprófi í verkfræði.

*Þar verði tekið fram að hann hafi lokið prófi í verkfræði á sviði skipulags- og byggingarmála.*

*Miðað við þann langa afgreiðslutíma sem Úrskurðarnefndin hefur í mörgum tilfellum tekið sér til þessa er nauðsynlegt að í greininni verði jafnframt skilgreint hvað gerist ef nefndin hefur ekki skilaða álitni að þremur mánuðum liðnum.*

*Félagið leggur áherslu á að vegna brottfalls 4. m.gr. 39 gr. laganna verði gerð nánari grein fyrir henni í 8. gr. laganna.*

*Félag byggingarfulltrúa bendir á að við skipun nefndarmanna vegna endurskoðunar skipulags- og byggingarlaga auk skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar væri æskilegt að meðal nefndarmanna væru aðilar sem tengjast laga og reglugerðarákvæðunum í daglegu starfi, svo sem Félag byggingarfulltrúa, Félag ráðgefandi verkfræðinga, Arkitektafélagið, Félag byggingarfræðinga og Tæknifræðingafélagið.*

**Félagið gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum.**

Virðingarfyllt

Fh. Félags byggingarfulltrúa

Sigurður Jónsson.